

7. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

Hinu húsinu, 29. júní 2020, kl. 17:15

Mættir eru: Una Hildardóttir (UH), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), (ÁNM), Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB) starfandi frkvstj. LUF.

Fundur settur: 17:21

Fundarstjóri: Una Hildardóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 6. stjórnarfundar 2020-2021** var samþykkt.
2. **Frá framkvæmdarstjóra:** Rannsóknin : *Fjárhagsstaða ungmannafélaga á Íslandi* er hafin og tveir starfnemar komnir til starfa.
1. **Fundur með forsætisráðherra um ungt fólk og samfélagsbreytingar vegna Covid:** UH, GF og SÞF sóttu fund í forsætisráðuneytinu þann 12. júní. Fulltrúar LUF gerðu tillögur til stjórnvalda um aðgerðir fyrir ungt fólk í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda ítrekunarpóst á ráðuneytið.
2. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** UH, SHB, og HVS sóttu fund um ályktun LUF á innleiðingu stefnu um barnvænt Ísland 26. júní. Fulltrúar LUF kynntu tillögur að breytingum á drögum að innleiðingu stefnunnar. Rædd vöru drög að verklagsreglum fyrir samstarf LUF og ráðuneytisins. Stefnt er að því að LUF útbúi tillögur að verklagsreglum og nánari tillögur að samráðsvettvangi.
3. **Styrkir til æskulýðsfélaga vegna áhrifa COVID-19:** **Átaksverkefni** mennta- og mennigarmálaráðuneytisins: SHB falið að taka saman hversu miklum tekjum LUF verðum af vegna COVID. UH felur HVS að sækja um styrk.
4. **Alþjóðamál:**
 - 4.1. **Fyrirspurn frá Félagi Sameinuðu þjóðanna í Bretlandi:** SHB falið að svara og bjóða þeim á fund.
 - 4.2. **NUBF vinnustofa í Danmörku:** Búið er að auglýsa eftir þátttakendum á [heimasíðu LUF](#). NUBF óskar eftir fulltrúa LUF í úthlutunarnefnd. SÞF býður sig fram.
 - 4.3. **COMEM:** SÞF kynnir fulltrúaráðsfund Evrópska ungmennavettvangsins þann 6. júní.
 - 4.4. **Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum:** Allir viðburðir hafa fallið niður vegna COVID-19. Rætt var um skyldur LUF vegna samnings við utanríkisráðuneytið. LUF hlaut styrk úr „Norden 0-30“ sjóðnum fyrir vinnustofu fyrir sendinefndir á Norðulöndunum. Ákveðið var að senda fyrirspurn til Noregs um beiðni um samstarf.
5. **Stefnumótun Æskulýðsráðs:** SHB fór yfir vinnu Æskulýðsráð og drög sem verða unnin með á haghafafundi mennta- og menningarmálaráðherra í haust. LUF fær að skipar einn fulltrúa á fundinn.
6. **Fyrsti fundur Leiðtoga ráðs LUF 2. júlí:** Framkvæmdaráætlun og fjárhagsáætlun eru tilbúnar til samþykktar ráðsins. SÞF mun stýra stefnumótun. SHB er falið að senda út áminningu vegna framboða í Alþjóðanefnd LUF.

7. **„European Youth Capital 2024“:** UH kynnir umsókn LUF um að tilnefna íslenskt sveitafélag til að verða [Ungmennahöfuðborg Evrópu](#) (e. European Youth capital) árið 2024. Titillinn er veittur af [Evrópska ungmennavettvanginum](#) (e. European Youth Forum, YFJ.) Umsóknafrestur er í október 2020 og leggur UH til að senda samstarfsbeiðni á Reykjavíkurborg, Kópavog og Akureyri.
8. **Aðildarmál:** Umsókn um áheyrnaraðild barst frá UngHugum Hugarafis og er umsóknin farin í ferli.
9. **Önnur mál:** SÞF kynnir nýtt verkefni SÍF um lýðræðisfræðslu.

Fundi slitið kl.18:58

SHB ritaði fundargerð.